

**Mál nr. 389/2025****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A).****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. október 2025 ásamt fylgisköllum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. nóvember 2025.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 6. ágúst 2025, varð þann sama dag árekstur á Kringlumýrarbraut í Reykjavík. Atvik voru þau að bifreiðinni A, sem M ók, hafði verið ekið aftan á aðra bifreið, B. Lýsti M atvikum svo að hann hefði ætlað að sækja sér drykk í poka í farþegasætinu. Við það hafi hann misst athyglina og ekið aftan á B. Aksturshraði A í aðdraganda atviksins hafi verið um 80 kílómetrar á klukkustund. Ökumaður B sagðist hafa ekið á 30 til 40 kílómetra hraða á klukkustund þar sem umferðin hafi gengið hægt. Hann hafi þá allt í einu fundið fyrir höggi aftan á bifreið sína.

Með bréfi dags. 18. september 2025 tilkynnti V að það hygðist skerða bótarétt M úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A um helming þar eð hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur að V hafi ekki tekist sönnun þess að um stórkostlegt gáleysi af hans hálfu hafi verið að ræða. Er vísað til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 214/2023 því til stuðnings en þar komi m.a. fram að það feli almennt ekki í sér stórkostlega tjónshættu að ökumaður teygi sig eftir hlutum og nái sér í drykk eða annað lauslegt í bifreiðinni. Verði niðurstaða nefndarinnar þrátt fyrir það sú að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi leiði það þá ekki sjálfkrafa til lækkunar eða niðurfellingar bóta enda sé aðeins um heimildarákvæði að ræða.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að sú háttsemi M að hafa, við akstur á 80 kílómetra hraða á háannatíma á einum fjölfarnasta vegi höfuðborgarsvæðisins, tekið meðvitaða ákvörðun um að líta veginum og sækja sér drykk feli í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Visar V til úrskurðar nefndarinnar í máli 472/2024 en fjölmörg dæmi séu um að háttsemi á borð við þá sem M hafi sýnt af sér hafi verið talin heimila skerðingu bóta.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekuð sú afstaða að M hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Hvergi í gögnum málsins komi fram að hann hafi tekið augun af veginum heldur aðeins að hann hafi misst athyglina við að sækja drykkinn. Það feli ekki í sér að hann hafi litið af veginum enda geti ökumenn misst athyglina án þess. Verði niðurstaða nefndarinnar sú að skerðing bóta sé heimil sé helmingsskerðing þá í öllu falli of mikil.

**Álit.**

Af málskoti má ráða að ágreiningur aðila taki bæði til kaskótryggingar A og slysáttryggingar ökumanns og eiganda A. Ekki liggja fyrir nefndinni nein gögn um samskipti V og M vegna mögulegrar skerðingar bóta úr kaskótryggingu A og í málatilbúnaði V fyrir nefndinni kemur ekkert fram um afstöðu þess til kröfu M um bætur úr kaskótryggingu A. Þó gera megi ráð fyrir að mögulegur málflutningur aðila vegna slíks ágreinings væri sambærilegur þeim málflutningi sem hér er haldið uppi verður því, á grundvelli g-liðar 1. mgr., sbr. og 2. mgr. 4. gr., samþykkt nefndarinnar að vísa kröfu M hvað varðar kaskótryggingu A frá nefndinni. Rétt er að benda á að unnt er að krefjast meðferðar nefndarinnar á þeim hluta ágreinings aðila á ný gegn greiðslu málskotsgjalds, sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykkt nefndarinnar, enda hafi verið bætt úr þeim annmörkum er hér hefur verið lýst.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar

vátryggðs, hvernig vátryggingarburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Fallast má á að það feli ekki sjálfkrafa í sér stórkostlega tjónshættu eða verði metið ökumanni til stórkostlegs gáleysis þó hann sækir sér drykk eða annað í farþegasæti bifreiðar sinnar enda leiði það ekki til þess að ökumaður missi athygli frá vegi. Í því tilviki sem hér um ræðir verður hins vegar að líta til þess að umrætt atvik átti sér stað á fjölfarinni akstursleið á virkum degi um kl. 16. Er þá jafnframt litið til framburðar ökumanns B varðandi það að umferðin hafi gengið hægt og að hann hafi ekið B á um 30 til 40 kílómetra hraða á klukkustund. Við slíkar aðstæður verður að telja aukna þörf á sérstakri aðgát ökumanna. Verður því eins og atvikum var háttáð að telja að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann missti athyglina frá veginum við það að sækja sér drykkjarfernu í poka í farþegasæti þrátt fyrir að aksturshraði A væri 80 kílómetra hraða á klukkustund í umferð sem ætla má, sbr. vitnisburð B og stað- og tímasetningu árekstursins, að hafi almennt gengið töluvert hægar fyrir sig.

Er samkvæmt því, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, heimilt að skerða bætur til M. Nefndin telur hins vegar hæfilegt og eðlilegt að skerðing eins og málum er hér háttáð nemi 1/3 hluta.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um þriðjung. Öðrum kröfum M er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 20. janúar 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir